



Erindi meistaraflokks UMFÁ í körfuknattleik til Garðabæjar Garðabær, 27. maí 2019

Meistaraflokkur UMFÁ karla í körfubolta varð Íslands- og deildarmeistari í 2. deild og liðið tapaði einungis tveimur leikjum á tímabilinu. Liðið tryggði því sér þáttökurétt í 1. deild að ári. Árangur liðsins á síðustu árum er umtalsverður og fyrir aðeins tveimur árum spilaði liðið í 3. deild. Félagið hefur á þeim tíma sýnt ráðdeild og tekist með litlum rekstrarkostnaði að halda úti öflugum starfi með miklum árangri. Verulega munaði um framlag Garðabæjar til körfuknattleiksdeildarinnar er hljóðaði upp á 1 milljón króna þegar liðið komst upp í 2. deild, en fram að því hafði liðið ekki fengið fjárhagsaðstoð frá bænum heldur aðstöðu.

Stjórn körfuknattleiksdeildarinnar hefur unnið fjárhagsáætlun fyrir næstkomandi ár en það er talsverð breyting fyrir liðið að spila í 1. deild hvað varðar kostnað. Leikir í 1. deild eru mun fleiri, æfingar og þjálfun umfangsmeiri, dómarakostnaður hærri og kröfur til leikmanna verulegar. Vegna þessa fer stjórn deildarinnar fram á viðauka við samning UMFÁ þar sem framlag til körfunnar mun aukast. Útskýringar og sundurliðun á útgjöldum er að finna í meðfylgjandi töflu, en þar er ekki gert ráð fyrir kostnaði ferðalaga né leikmanna.

Álftanes 2019/2020	
Þjálfari	3.000.000
Aðstoðarþjálfari	1.500.000
Liðsstjóri og þrif	500.000
Búnaður (boltar, búningar o.fl)	700.000
Dómarakostnaður	350.000
Þátttökugjald 1. deildar	200.000
Tölfræði á leikjum	140.000
Alls	6.390.000
Styrkumsókn 70% af kostnaði	4.473.000

Farið er fram á viðbót upp á 3,4 milljónir á ári frá því framlagi sem nú er, þannig verði heildarframlag til meistaraflokks 4,4 milljónir frá bænum. Framlagið nægir þá fyrir meirihluta þess kostnaðar sem fellur til sökum þjálfara og aðstoðarþjálfara, búnaðar, leikjakostnaðar og eitthvað upp í ferðakostnað. Sá kostnaður sem upp á vantar mun meistaraflokkur afla sér í gegnum styrki og safnanir.

Jafnframt skal það upplýst að á næsta ári verða minnst starfræktir fjórir yngri flokkar (tveir strákaflokkar og tveir stúlkuflokkar) í körfubolta sem meistaraflokkur mun halda utan um. Markmið stjórnar körfuknattleiksdeildar til lengri tíma er að efla þetta starf verulega en síðasta vetur voru starfræktir tveir yngri flokkar. Gert er ráð fyrir töluverðri fjölgun iðkenda á næsta ári þar sem mikil ánægja var með starfið og fjölgaði iðkendum eftir því sem á leið veturinn.

Að lokum teljum við það körfubolta í Garðabæ vera til mikilla heilla að öflugt lið spili í 1. deild. Samstarfsfletir aukast og möguleikar á þróun fyrir körfubolta í bænum. Þannig auki það líkur á að góður árangur bæði Álftaness og Stjörnunnar haldi úti metnaðarfullu starfi í 1. deild og Dominos.

Virðingarfyllst og fyrir hönd stjórnar körfuknattleiksdeildar UMFÁ,

Huginn Freyr Þorsteinsson, formaður